

Sp. 33. Tillaga til þingsályktunar

um undirbúning á raforkuveitu fyrir Vestmannaeyjar.

Flm.: Páll Þorbjörnsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta framkvæma rannsóknir og gera áætlanir um eftirfarandi:

1. Hvort tiltækilegt muni að leiða raforku frá Sogsvirkjuninni til Vestmannaeyja, og ef svo er, þá hve mikill stofn- og rekstrarkostnaður yrði og við hvaða verði unnt mundi að selja orkuna í Vestmannaeyjum.
2. Vindaflostöð til framleiðslu raforku í Vestmannaeyjum, stofn- og rekstrarkostnað stöðvarinnar og við hvaða verði hægt mundi að selja orkuna.

Greinargerð.

Í Vestmannaeyjum er nú framleidd raforka með vélum, sem brenna oliu. Raforkan er seld við svo háu verði, að ógerningur er að nota hana til iðnaðar, og stendur það mjög fyrir þrifum ýmsum iðnaði, sem ella mundi þar upp rísa. Ekki þarf að orðlengja um, hverja þýðingu það hefir fyrir byggðarlag eins og Vestmannaeyjar, ef þar skapast skilyrði fyrir því, að iðnaður geti þrífist, þótt í smáu sé. Um aðrar leiðir til raforkuframleiðslu fyrir Vestmannaeyjar mun tæplega vera að ræða en þær, sem tillagan fjallar um. Athugum mun standa yfir eða vera í undirbúningi á raforkuveitu frá Soginu um Suðurlandsundirlendið, og ætti það að vera stuðningur við athuginina á því sama fyrir Vestmannaeyjar.

Svo sem kunnugt er, er mjög vindasamt í Vestmannaeyjum og sárafaír dagar, ef þeir eru þá nokkrir, sem algert lofn er. Skilyrði virðast því vera góð í Vestmannaeyjum fyrir vindaflostöð, og hvergi á landinu eins mikil ástæða til að reisa slíka stöð, ef á annað borð þykir tiltækilegt að reisa slíkar stöðvar.

Nánar í framsögu.